| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 10 júní 2015 – 1. útg |
| **Námsgrein** | Bókfærsla |
| **Titill** | Tölvubókhald |
| **Skammstöfun** | TÖBÓ2BA05 |
| **Viðfangsefni** | Tölvubókhald |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 2 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Nemendur dýpka skilning sinn á bóhaldshringrás og þjálfast í að hefja bókhald og loka því samkvæmt reglum tvíhliða bókhalds. Bókhald fært í tölvukerfi eftir fylgiskjölum með bókhaldslyklum. Farið er yfir kröfur sem gerðar eru til tölvubókhaldskerfa og varðveislu gagna og fylgiskjala sem notuð eru við slíkt bókhald. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist skilning á hvernig fjárhagsbókhald sækir upplýsingar í birgðabókhald, viðskiptamannabókhald, sölubókhald og launabókhald. Fjallað um uppgjör virðisaukaskatts og uppgjörsfærslur, launaseðla, afstemmingar og leiðréttingafærslur. Kynntir eru möguleikar á ýtarlegri skýrslugerð ásamt túlkun og greiningu upplýsinga. Nemendum er kynnt mikilvægi upplýsingakerfa fyrir nútímastjórnendur þar sem nákvæmar upplýsingar í rauntíma nýtast og eru grunnforsenda við skilvirka ákvarðanatöku |
| **Forkröfur áfanga** | BÓKF1AA05 |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• flokkun merkingu og varðveislu fylgiskjala<br>• og geti sett upp og skipulagt bókhaldslykla<br>• tengslum fjárhagsbókhalds við önnur kerfi<br>• mikilvægi afstemmingar við uppgjör |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• skrá, bóka og bakfæra fylgiskjöl í mismunandi kerfum<br>• stofna og eyða t.d. vörunúmerum, birgjum og viðskiptamönnum<br>• útbúa skilaskýrslur (t.d. virðisaukaskýrslur)<br>• gera upp tiltekin reikningstímabil |

| | |
|---|---|
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• geta nýtt upplýsingakerfi til markvissrar upplýsingaöflunar og skýrslugerðar<br>• geta túlkað upplýsingar<br>• dregið ályktanir um stöðu reksturs út frá skýrslum úr bókhaldskerfum<br>• greina upplýsingar úr bókhaldskerfum (stöðu viðskiptamanna)<br>• dregið saman upplýsingar til uppgjörs hjá endurskoðenda |
| **Námsmat** | |